

L Ö G**um lántökuheimildir erlendis.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka erlent lán, að fjárhæð allt að 2 120 millj. króna, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendum gjaldeyri.

2. gr.

Andvirði lánsins skal endurlánað eða ráðstafað þannig:

1. Til Framkvæmdasjóðs Íslands 800 millj. krónur.
2. Til Landsvirkjunar, vegna virkjunarframkvæmda við Sigöldu, 474 millj. krónur.
3. Til vegagerðar 496 millj. krónur.
4. Til framkvæmda í orkumálum 350 millj. krónur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 11. desember 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

AUGLÝSING

**um staðfesting forseta Íslands á reglugerð fyrir Háskóla Íslands,
nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.**

Forseti Íslands féllst hinn 24. október 1974 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum:

1. gr.

Aftan við 53. gr. I komi nýr kafli, sem verði 53. gr. II, en núverandi 53. gr. II verði 53. gr. III. Hinn nýi kafli verði svohljóðandi:

II. B.A.-próf í sálarfræði.

Baccalaureus-próf í sálarfræði skal nema 90 e hið minnsta. Af þeim skulu a. m. k. 60 e vera í sálarfræði, þar með talin fræðileg B.A.-ritgerð, en allt að 30 e í öðrum námsgreinum, er stúdentar nemi samkvæmt reglum, sem heimspekideild setur, að fengnum tillögum kennara og/eða námsnefndar í sálarfræði.

Að loknu fullnaðarprófi í sálarfræði samkvæmt ofangreindu fær stúdent próf-skirteini um, að hann hafi lokið baccalaureus artium prófi í sálarfræði.

Þessi ákvæði haggja ekki því, að stúdent geti stundað minna nám í sálarfræði og fengið það viðurkennt sem hluta almenns B.A.-prófs, en eigi skal þá prófskírteini hans bera það heiti, sem getið er í 2. mgr.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 25. október 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.